



Stjórnarráð Íslands
Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg
101 Reykjavík

Ályktunartillaga borgarstjórnar um málefni Úkraínu

Hér með sendist uppfært bréf vegna ályktunartillögu borgarstjórnar um málefni Úkraínu. Fyrir mistök rataði bókun borgarfulltrúa Miðflokksins ekki inn í upphaflega bréfið. Það leiðréttist hér með.

Á fundi borgarstjórnar þann 1. mars 2022 var svohljóðandi ályktunartillaga um málefni Úkraínu samþykkt:

Borgarstjórn Reykjavíkur fordæmir harðlega innrás Sambandslýðveldisins Rússlands í Úkraínu og lýsir samstöðu og stuðningi við fólkið í Úkraínu. Borgarstjórn skorar á ríkisstjórn Rússlands að draga hersveitir sínar til baka, lýsa yfir vopnahléi og koma á friði þegar í stað. Innrásin í Úkraínu er ólögleg og ómannúðleg – og með henni er friður í Evrópu rofinn. Borgarstjórn lýsir samstöðu með Kyiv, Kharkiv, Kherson og öðrum úkraínskum borgum og landsvæðum sem nú sæta árásum. Jafnframt lýsir borgarstjórn samstöðu með íbúum sem neyðast til að flýja heimili sín eða berjast varnarbaráttu við ofurefli. Innrás sem þessi gengur gegn öllum gildum Borgarstjórnar Reykjavíkur og hvetjum við því ríkisstjórn Íslands og stjórnir vinaríkja til að taka á móti flóttafólki og veita allan þann stuðning sem þarf til að hjálpa úkraínsku þjóðinni að komast í gegnum þessar hörmungar. Reykjavíkurborg mun ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum og lýsir sig tilbúna til að taka á móti fólki á flóttu.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fordæma innrás Rússlands í Úkraínu – enda er hún á engan hátt réttlætanleg. Sjálfstæðisflokkurinn telur að Reykjavíkurborg þurfi að gera sitt til að taka vel á móti fólki á flóttu frá Úkraínu, en Sameinuðu þjóðirnar telja að nú sé yfir hálf milljón Úkraínumanna á flóttu undan stríðsátökum í landinu. Þá munu fulltrúar Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur leggja til á næsta fundi hennar að kannaðir verði til hlítar þeir möguleikar að nýta gufuafli til frekari raforkuframleiðslu, enda er öllum ljóst, eftir atburði síðustu daga, að nauðsynlegt er að tryggja orkuöryggi Íslands. Innflutningur á eldsneyti, í formi olíu og bensíns, er feikilega mikill og ljóst að nú er enn brýnna en áður að flýta orkuskiptum á Íslandi eins og kostur er. Það er skoðun Sjálfstæðisflokksins í Borgarstjórn Reykjavíkur að borginni beri að bregðast við og flýta orkuskiptum eins og unnt er.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista fordæmir harðlega árás Rússlandsstjórnar inn í Úkraínu. Friður verður að komast á. Saman verður alþjóðasamfélagið að vinna að því að tryggja frið og vinna gegn hervæðingu og stríði. Borgir og þjóðir verða að standa með almenningi í Úkraínu og sýna þeim samstöðu t.a.m. með því að taka á móti fólki sem flýr hörmulegar aðstæður.



Við þurfum að vera vakandi gagnvart því að neikvæð, fordómafull orðræða fái ekki að þrífast í garð almennings sem hér á í hlut sem er með rússneskan og úkraínskan uppruna. Fordómar og útlendingaandúð mega ekki fá að grassera og við þurfum að vera tilbúin að mæta því ef slíkt kemur upp á, t.d. í skólasamfélaginu hér.

Borgarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Engum hefði órað fyrir því að stríð myndi brjótast út í vestrænum heimi árið 2022. Lýst er yfir miklum áhyggjum af ástandinu í Úkraínu. Skorað er á ríkisstjórn Íslands að koma því áleiðis við alþjóðasamfélagið að leiða fram vopnahlé þegar í stað og semja í framhaldinu um frið á átakasvæðinu.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst ömurlegt til þess að hugsa að það skuli vera hafið stríð í Evrópu. Innrás Rússa í Úkraínu er brot á alþjóðalögum. Vesturlönd eru sem betur fer að beita refsiaðgerðum og sýna Úkraínu stuðning. Þar hefur Ísland ekki verið eftirbátur annarra. Öryggi fólks verður að tryggja eins og nokkur kostur er. Þeir sem líða og fara verst út úr þessu er fólk – eldra fólk, minnihlutahópar og börnin sem mörg hver biða þess aldrei bætur að hafa upplifað reynslu af þessu tagi og öll munu þau ekki lifa þetta af. Samúð mín og samkennd er hjá almenningi sem átti sér einskis ills von. Stjórnvöld á Íslandi ætla að standa sína plikt og taka á mót fólki frá Úkraínu. Við verðum að senda skýr skilaboð til Rússlands. Við fordæmum þessa innrás með afdráttarlausum hætti og vonum að refsiaðgerðir bítu. Við eigum að taka þátt í aðgerðum með Evrópusambandinu, með vestrænum lýðræðisríkjum af fullum þunga. Það verður að vera hægt að leysa þetta mál með öðrum hætti en stríðsrekstri, annað er óhugsandi.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:
Forsætisnefnd